



Reykjavík, 10.maí 2021

Sendandi: Ásdís Ólafsdóttir
F.h. Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle

Umsögn vegna tillaga til þingsályktunar

Mál 750: Stefna Íslands í málefnum Norðurslóða
Mál 751: Um aukið samstarf Grænlands og Íslands

Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle vill koma á framfæri almennri ánægju sinni gagnvart ofangreindum stjórnartillögum til þingsályktunar. Tillögurnar eru í heild sinni réttar og sterkar og munu styrkja stöðu Íslands í málefnum Norðurslóða til muna.

M.t.t. máls 751, um aukið samstarf Grænlands og Íslands, þá hefur Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle verið í gegnum árin það sem Grænendingar hafa kosið sem sinn aðalvettvang til framsetningar á grænenskum sjónarmiðum og stefnum fyrir hinu alþjóðlega umhverfi. Þátttaka Grænlands í árlegum Þingum Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle hefur ávallt verið umtalsverð og telur til fulltrúa vísindasamfélagsins, háskóla, ríkisstjórnar og viðskiptalífs. Í opunarathöfn Þings Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle árið 2019 flutti þáverandi forsætisráðherra Grænlands, Kim Kielsen áhrifamikla ræðu við frábæran orðstír sem undirstrikaði vilja Grænlands til aukins alþjóðlegs samstarfs, sér í lagi á sviði efnahags og viðskiptatækifæra. Árið 2016 hélt Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle, í samstarfi við ríkisstjórn Grænlands, ráðstefnu um efnahagsleg tækifæri Grænlands. Var ráðstefnan sú stærsta sinnar tegundar sem haldin hafði verið á Grænlandi. Önnur slík ráðstefna verður haldin í samstarfi við grænensku ríkisstjórnina og samstarfsaðila Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle um leið og aðstæður tengdar heimsfaraldri kórónuveirunnar leyfa.

M.t.t. máls 750, um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, þá vill Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle koma athugasemdum um framsetningu á texta um Hringborðið til skila.

Í málsgreininni þar sem fjallað er um Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle þá er lagt til að textinn verði endurskrifaður úr:

Hringborð norðurslóða (Arctic Circle) hefur frá 2013 þróast í að verða einn helsti opni umræðuvettvangurinn um málefni svæðisins. Árleg þing þess í Hörpu í Reykjavík hafa að jafnaði verið sótt af rúmlega tvö þúsund gestum víðs vegar að, jafnt ráðamönnum, fræðafólki og fulltrúum grasrótarsamtaka og atvinnulífs. Auk þess hefur Hringborðið haldið fjölmenn málþing og ráðstefnur víða um heim. Í því skyni að treysta til



fram tíðar stoðirnar undir starf Hringborðs norðurslóða er hafinn undirbúningur að stofnun norðurslóðaseturs á Íslandi, sem kennt yrði við Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseta Íslands og hvatamann að stofnun þess.

Í eftirfarandi:

Hringborð Norðurslóða - Arctic Circle hefur frá 2013 þróast í að verða stærsti alþjóðlegi opni umræðuvettvangurinn um málefni svæðisins. Árleg þing þess í Hörpu í Reykjavík hafa að jafnaði verið sótt af rúmlega tvö þúsund gestum frá allt að 70 löndum, jafnt ráðamönnum, fræðafólki og fulltrúum grasrótarsamtaka og atvinnulífs. Auk þess hefur Hringborðið haldið fjölmenn málþing og ráðstefnur víða um heim. Í því skyni að treysta til fram tíðar stoðirnar undir starf Hringborðs Norðurslóða er hafinn undirbúningur að stofnun norðurslóðaseturs á Íslandi, sem kennt yrði við Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseta Íslands og hvatamann að stofnun þess.

Með þökkum fyrir mikilvægt starf í þágu Íslands,

F.h. Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle,

Ásdís Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 1274 — 751. mál.

Stjórnartillaga.

Umsögn Háskóla Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um aukið samstarf Grænlands og Íslands.

Háskóli Íslands er stærsti háskóli landsins og leiðandi í kennslu og rannsóknum þ.m.t. á ýmsum sviðum sem snerta norðurslóðir. Háskólinn leggur áherslu á gæði í kennslu og rannsóknum og starfrækir fjölda undirstofnana og rannsóknasetra þar sem m.a. eru stundaðar rannsóknir sem tengjast norðurslóðum og norðurheimskautssvæðinu. Er umsögn háskólans mótuð af mikilli og langri reynslu háskólans á sviði norðurslóðarannsókna.

Háskóli Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum þegar kemur að þeim tillögum sem lúta að menntun og rannsóknum.

4. Uppbygging fjarnáms

Til að samstarf á sviði menntunar og rannsókna milli Íslands og Grænlands nái að vaxa og dafna er mikilvægt að hleypa öllum menntastofnunum landsins að borðinu. Háskólinn á Akureyri hefur nýtt fjarnám í þessa veru og til að efla þetta samstarf enn frekar er ráðlegt að fá allt íslenska háskólasamfélagið að verkefninu, ekki síst ef tilgangurinn er að efla menntastigið á Grænlandi. Í því samhengi verður augljóslega að nefna að Háskóli Íslands er langstærsti háskóli landsins með fjölbreyttasta námsúrvalið og býr jafnframt við áratuga reynslu af fjarnámi sem í boði er í fjölmörgum greinum, ekki síst á Menntavísindasviði. Háskóli Íslands hefur í hyggju að styrkja fjarnámið enn frekar m.a. í ljósi reynslunnar af stafrænni kennslu í heimsfaraldrinum. Um langt skeið hefur háskólinn lagt mikla áherslu á samstarf við nágretta okkar, Færeyjar og Grænland. Ýmsir akademískir starfsmenn háskólans hafa sinnt kennslu og rannsóknum á Grænlandi á undanförunum árum í ólíkum greinum og átt gott samstarf við Grænlandsháskóla í Nuuk. Formlegt rannsóknasamstarf Háskóla Íslands og Fróðskaparseturs Færeyja (FF) nær aftur til ársins 1990 og frá árinu 1992 var sett á fót ráðstefnuröðin Frændafundur, sem haldin er á þriggja ára fresti, þar sem fjallað er um fjölbreytileg viðfangsefni sem tengjast Íslandi og Færeyjum.

Styrkleiki Háskóla Íslands felst ekki síst í öflugri þverfræðilegu rannsóknarumhverfi og sterkri stöðu háskólans varðandi þátttöku í rannsóknaverkefnum á sviði norðurslóða eins og sjá má í nýlegri skýrslu Rannís, Kortlagning norðurslóðarannsókna á Íslandi, en þar kemur t.d. fram að 70% alls framlags úr Rannsóknasjóði til norðurslóðarannsókna rennur til Háskóla Íslands.

8. Alþjóðleg hugveita

Háskóli Íslands fagnar tillögu um að sett verði á fót alþjóðleg hugveita um Grænland og norðurslóðir. Til að takast á við áskoranirnar sem við stöndum frammi fyrir er mikilvægt að

efla og virkja alþjóðlegt rannsóknasamstarf. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er nú þegar í góðu samstarfi við bæði Wilson Institute í Washington DC, sem og Norðurslóðasetur Harvard-háskóla. Háskóli Íslands bendir á að mikilvægt er að uppbygging slíkrar hugveitu verði gerð í samstarfi við skólann ekki síst þar sem eitt af tilgreindum markmiðum er að efla umræðu um Grænland í alþjóðlega fræðasamfélaginu.

10. Norðurslóðasetur

Háskóli Íslands fagnar því að koma eigi á fót sjálfseignarstofnun um norðurslóðasetur í Reykjavík. Háskólinn hefur lengi verið í góðu samstarfi við Hringborð Norðurslóða bæði þegar kemur að aðstoð við skipulagningu, þátttöku í ráðstefnunni og með sérstökum námskeiðum tengdum Hringborði Norðurslóða. Háskóli Íslands styður frekara samstarf um uppbyggingu og þróun hins nýja seturs sem fundinn hefur verið staður á háskólasvæði Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Þessi staðsetning tryggir nýju setri nálægð við vísindamenn, gott aðgengi að helstu rannsóknarstofnunum landsins eins og Hafrannsóknastofnun, MATÍS, Jarðvísindastofnun, Veðurstofu Íslands og Landhelgisgæslunni auk Vísindagarða HÍ. Norðurslóðasetur í Reykjavík mun efla og styðja við samstarf við rannsóknastofnanir og þekkingarsetur um land allt sem stunda norðurslóðarannsóknir.

Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 11.5.2021
Tilv.: 2105023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukið samstarf Grænlands og Íslands, umsögn Háskólans á Akureyri.

Utanríkismálanefnd Alþingis sendi Háskólanum á Akureyri til umsagnar tillögu til þingsályktunar um um aukið samstarf Grænlands og Íslands, þingskjal 1274 — 751. mál.

Háskólinn á Akureyri tekur undir greinargerð þá sem tillögunni fylgir, sem og þeirri niðurstöðu sem fram kemur í ítarlegri skýrslu Grænlandsnefndar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, að hagsmunir landanna fara vel saman á þeim samstarfssviðum sem horft er til.

Háskólinn á Akureyri vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við tillögur úr skýrslunni:

4. Uppbygging fjarnáms

Háskólinn á Akureyri og háskólinn í Nuuk, Ilisimatusarfik, hafa átt gott og ánægjulegt samtal um innleiðingu fjarnáms, að frumkvæði Ilisimatusarfik. Háskólinn á Akureyri er tilbúinn í slíkt samstarf, skipulagt út frá forsendum Ilisimatusarfik. Samstarfssjóðir, sem tryggt geta fjárhagslegan grundvöll fyrir slíkt tilraunaverkefni um innleiðingu fjarnáms og stafrænnar miðlunar, myndu verulega styðja við forsendur slíks samstarfs.

Báðir skólarnir, Háskólinn á Akureyri og Ilisimatusarfik, eru hluti af Samtökum háskóla smærri þjóða, en það er Fróðskaparsetur Føroya raunar líka. Þessar þrjár stofnanir eiga enda margt sameiginlegt og verður spennandi að vinna með Ilisimatusarfik á þeim vettvangi.

9. Samningur á heilbrigðissviði

Þegar horft verður til samstarfs landanna á heilbrigðissviði telur Háskólinn á Akureyri að byggja megi á grunni samvinnu Sjúkrahússins á Akureyri – SÁk og Háskólans á Akureyri, og á sérstöðu beggja stofnana, þegar kemur að heilsu og velferð á norðurslóðum.

Jafnt aðgengi, stafvæðing og fjölbreytt heilbrigðisþjónusta í dreifbýli eru áherslumál sem móta nám og rannsóknir á Heilbrigðisvísindasviði Háskólans á Akureyri. Þetta eru áherslumál sem íslensk og grænlandsk stjórnvöld geta sameinast um og byggt sitt samstarf á.

Þá er rétt að nefna að Háskólinn á Akureyri er um þessar mundir að undirbúa klínískt meistaranám í geðhjúkrun og þar má sannarlega finna samstarfsflöt, þegar hugað er að geðheilbrigðismálum.

Virðingarfyllst,



Eyjólfur Guðmundsson, rektor

Utanríkismálanefnd Alþingis
Berist til nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 11. maí 2021

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukið samstarf Grænlands og Íslands

Utanríkismálanefnd Alþingis sendi Norðurlóðaneti Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um um aukið samstarf Grænlands og Íslands, þingskjal 1274 — 751. mál.

Norðurlóðanet Íslands fagnar auknu samstarfi á milli Íslands og Grænland hvort heldur er á sviði menntunar og vísinda, viðskipta, samgangna eða innviða. Norðurlóðanet Íslands tekur undir þá niðurstöðu sem fram kemur í ítarlegri skýrslu Grænlandsnefndar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, að hagsmunir landanna fari vel saman á á ýmsum sviðum.

Norðurlóðanet Íslands samanstendur af rúmlega 30 aðilum sem allir eru virkir í Norðurlóðastarfi á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi og sem margir hverjir eiga í samstarfi við Grænlandinga á ýmsum sviðum, s.s. Háskólinn á Akureyri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Heimskautaréttarstofnun sem hefur lengi átt í góðu samstarfi við Grænlandinga, svo sem í gegnum árleg Heimskautaréttarþing og Árbók Heimskautaréttar. Einnig hefur verið unnið að þróun frekara samstarfs á sviði heimskautaréttar í tvíhliða samstarfi íslenskra og grænlandskra aðila, m.a. í formi tímarits um tengd málefni.

Mælt er með að kortlögð verði sú samvinna sem þegar á sér stað á milli Íslendinga og Grænlandinga og leitast verði við að veita frekari stuðning þeim verkefnum. Norðurlóðanet Íslands er vel í stakk búið til að styðja við samskipti og samstarf á milli aðila á Íslandi og Grænlandi.

Með vinsemd og virðingu



Embla Eir Oddsdóttir
Forstöðumaður
Norðurlóðanet Íslands

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukið samstarf Grænlands og Íslands

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur sent Stofnun Vilhjálms Stefánssonar til umsagnar tillögu til þingsályktunar um um aukið samstarf Grænlands og Íslands, þingskjal 1274 — 751. mál.

Stofnunin vill koma eftirfarandi á framfæri:

Stofnunin er sammála mikilvægi þess að efla samskipti þessara tveggja þjóða í fjarska norðursins og leggur áherslu á að þar verði farið fram á þann hátt að ekki rýrni það sterka traust, það sem stundum er kallað norræna gullið, sem á svo margvíslegan hátt hefur einkennt samstarf og samskipti Íslendinga og Grænlandinga um árabil. Hér þarf að fara fram af varúð og virðingu, með það að leiðarljósi að um sé að ræða jafningja í samræðunni.

Í alþjóðlegri umræðu um norðurskautssvæðið ber talsvert á viðhorfum sem skilja og skilgreina svæðið sem uppsprettu hráefna, orku og auðs, lönd tækifæra fyrir fyrirtæki og ríki sunnar á hnettinum til að koma ár sinni vel fyrir borð. Það er mikilvægt að smáþjóð háð nýtingu náttúruauðlinda sporni gegn slíkri orðræðu.

Við smíði haldbærrar stefnumótunar væri viðeigandi að fagstofnanir og sérfræðingar á sviði málefna norðurslóða, en þar eigum við Íslendingar sem betur fer allnokkra fullgilda fræðimenn, kæmu með beinna móti að faglegri vinnu við mótun samstarfs báðum þjóðum til heilla. Fyrirsjáanlegt er að fræðasamfélagið, bæði hérlandis sem erlendis, mun taka þá skýrslu sem hér leggur til grundvallar til rækilegrar og gagnrýnnar umfjöllunar á næstunni.

Það er miður, að tæmandi upptalning á hverjir voru samtalsaðilar nefndarinnar á Íslandi og Grænlandi kemur ekki fram í skýrslunni *Grænland og Ísland*, sem Grænlandsnefnd ráðherra hefur samið og er fylgiskjal með þingsályktunartillögunni. Enn fremur er það áberandi, þegar útgefinna heimilda er getið í neðanmálsgreinum, að þær vísa margar til danskra frekar en grænleuskra höfundar eða viðmælenda, en það er ákveðinn veikleiki, þegar kemur að því að sýna þekkingu Íslendinga og skilning á aðstæðum og sjónarmiðum Grænlandinga.

Það má velta fyrir sér hvort þingsályktunartillagan og skýrslan lýsi eða byggji á samskiptum jafningja eða jafnréttiharra aðila; nokkur áhersla er á íslenska hagsmuni og sérválin samstarfssvið. Spyrja má hvort slíkt sé nægilegur og aðlaðandi grundvöllur fyrir samningaviðræður aðila um rammamening. Þessi nokkuð einhliða afstaða kemur víða fram í skýrslunni, svo sem varðandi alls konar viðskiptamöguleika Íslendinga á Grænlandi, varðandi ummæli um stjórnsýslu og stjórnfestu í Grænlandi, aðgengi Íslendinga að veiðikvótum í grænleuskri lögsögu, fyrirlestur um hlut Kínverja á norðurslóðum og bágt ástand á Austur-Grænlandi.

Samanburður lýsir stöðunni vel: Hvernig myndu Íslendingar taka því, ef eitthvert nágrannaríki myndi bjóða okkur samvinnu og í því myndi aðallega felast, að frá því landinu myndu berast hugmyndir um viðskiptatækifæri þeirra á Íslandi ásamt ábendingum um m.a. hvernig við ættum að viðtaka stjórnarskrá, reka banka, halda uppi eftirliti með fjármálastarfsemi og berja á alls konar spillingu?

Skýrslan minnir um margt á aðra skýrslu um samskipti Grænlands og Danmerkur, á dönsku var hún kölluð *Til Gavn for Grønland*, sem kom út árið 2014 (<https://vbn.aau.dk/da/publications/til-gavn-for-gr%C3%B8nland>). Íslenskur fulltrúi Ilisimatusarfik (Grænlandsháskóla) í vinnuhóp dansks og grænlandsks háskólafélks, sem samdi þessa skýrslu, skilaði séráliti með gagnrýni á miklar áherslur á danska hagsmunum. Þótt skýrslunni hafi verið hampað mjög í upphafi, hefur lítið eða ekkert verið vitnað til hennar síðan.

Þar sem þessi umsögn kemur frá stofnun sem staðsett er á Akureyri, er viðeigandi að taka fram, að mörgum finnst margháttaðri starfsemi í bænum, sem snertir Grænlandinga, ekki gerð nógu góð skil í skýrslunni. Þetta á t.d. við um nemendaskipti milli Akureyrar og Nuuk bæði á mennta- og háskólastigi og önnur samskipti eins og rannsóknarvinnu við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og kennslu um Grænland í heimskautarétti og norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri.

Að þessu leyti er nýleg þingnefndarskýrsla (Skilabréf nefndar um endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða https://www.althingi.is/altext/pdf/151/fylgiskjöl/s1273-f_I.pdf) mun heildstæðari umfjöllun um málaflokkinn, þar sem er gerð tillaga um Akureyri sem miðstöð hérlandra norðurslóðaverkefna. Hugsa mætti sér að samstilling þessara texta væri æskileg í þessu samhengi.

Um Háskólann á Akureyri sem samstarfsaðila og um Akureyri sem samstarfsvettvang má enn fremur vísa til umsagnar Háskólans á Akureyri við þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

Í skýrslunni er hvergi minnst á landbúnað og erfitt að átta sig á hvernig á því stendur. Bæta þyrfti við kafla þar sem gerð er grein fyrir mikilvægi Íslands í tengslum við þróun í sauðfjárrækt á Suður-Grænlandi, sér í lagi eftir að landið hlaut heimastjórn 1979. Fjallað er um stöðu og áskoranir landbúnaðar á Grænlandi ásamt sóknaráætlanir stjórnvalda og sérfræðinga í nýlegri skýrslu (Strategi for Landbrug 2021-2030, <https://naalakkersuisut.gl/da/Naalakkersuisut/Departementer/NIP/Landbrug/Strategi>); og rýnt er í hverskonar hag grænlandskir og íslenskir aðilar gætu haft af auknum samskiptum varðandi framleiðslu, viðskipti, verkfræði, rannsóknir, menntun og upplýsingatækni (t.a.m. veflægt skýrsluhaldskerfi um fjárrækt, Fjárvís). Á undanförunum 50 árum hafa hundruð grænlandskra ungmenna hlotið þjálfun á íslenskum sveitabæjum og nokkrir hlotið menntun á Hvanneyri. Að þessari reynslu – ásamt samskiptum við íslenska landbúnaðarráðunauta – býr fólk í sveitarfélaginu Kujalleq. Ný tækifæri og nýleg þróun kalla á efld samskipti milli landanna, sér í lagi til hagsbóta fyrir Grænland. Árið 2017 fór landbúnaðarsvæðið Kujataa á heimsmínjaskrá UNESCO (sem gæti m.a. þýtt aukna möguleika í ferðaþjónustu) og landsþing Grænlands kaus að leyfa landbúnaðarstarfsemi á svæðinu í kring um Nuup Kangerlua fjörð (hin forn-norræna Vesturbyggð). Þar að auki hefur ræktun fôðurs, matjurta og holdanauta verið að aukast á Suður-Grænlandi frá því um aldamótin.

Þingályktunartillagan og skýrslan þyrftu að innihalda áherslu á að komið verði á öflugum samskiptum milli landanna varðandi þróun landbúnaðar með skírskotunum í sjálfstæði,

fæðuöryggi, græna orku og aðlögun að loftslagbreytingum ásamt mótvægisáðgerðum. Grænenskir og íslenskir aðilar sem þyrftu að mynda nán tengsl sín á milli eru m.a. ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins (Nunalerineq), skólinn og rannsóknarstöðin í Upernaviarsuk og samtök sauðfjárbænda (Savaatillit Peqatigiiffiit Suleqatigiissut) á Grænlandi annars vegar og hins vegar Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, félagið Garðyrkjuskóli Íslands og Bændasamtök Íslands þ.m.t. hin ýmsu búgreinafélög og búnaðarsambönd.

F.h. Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar

Dr. Niels Einarsson

Dr. Guðmundur Alfreðsson

Dr. Jón Haukur Ingimundarson
